



Fundargerð

248. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn miðvikudaginn 1. október 2025 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, 800 Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Örn Friðriksson (í fjarfundarbúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir (í fjarfundabúnaði), Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason (í fjarfundabúnaði) og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Páll Tómasson boðaði forföll.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Vegna aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 24. október 2025

Fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2026 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Samþykkt að leggja áætlunina og gjaldskrá fram til afgreiðslu á aðalfundi

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. sem verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri 24. október nk.

Önnur fundargögn til fulltrúa aðalfundar lögð fram til kynningar.

Tillögur Heilbrigðisnefndar á aðalfundi:

Tillaga vegna endurskoðunar PWC

Tillaga um þóknun stjórnar

2. Önnur mál

Áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits rædd. Verði áformin að veruleika eru framundan miklar breytingar á heilbrigðiseftirlitum á landinu sem mun hafa mikil áhrif á starfsemi HSL á árinu 2026.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Guðrún S. Magnúsdóttir

Örn Friðriksson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

